



## Námsáætlun í STÆR2DF09L og STÆR3DF09Ó 2026-2027

### **Stutt lýsing á áfanganum:**

Hornaföll, hornafallajöfnur og -ójöfnur. Samsett og andhverf föll. Vísis- og lograföll. Markgildi, samfelld og diffranleg föll. Óeiginleg markgildi og aðfellur.

### **Kennslugögn:**

Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluti

Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluti

Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar

### **Kennsluhættir:**

9 tímar á viku – hefðbundar kennsluaðferðir.

### **Kennarari:**

Einar Guðfinnsson

**Áætlun um yfirferð á haustmisseri (með fyrirvara um breytingar)**

<b>Vika</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Námsefni</b>	<b>Annað</b>
1	21. – 22. Ágúst	Stæ4: K2.1. (Hornaföll)	
2	24. – 28. Ágúst	Stæ4: K2.1 og 2.2. (Hornaföll, horn og vigrar)	
3	31. ágúst – 4. september	Stæ4: K2.2 og 2.3 (Hornafallareglur)	
4	7. – 11. September	Stæ4: K2.3 og 2.4 (Þríhyrningareikningar)	
5	14. – 18. September	Stæ4: K2.4 og 3.1 (Graf falls)	
6	21. – 25. September	Stæ4: K3.1	
7	28. september – 2. október	Stæ4: K3.1 og 3.2 (Bogamál)	
8	5. – 9. Október	Stæ4: 3.2 og 3.3 (Hornafallajöfnur)	
9	12. – 16. Október	Stæ4: 3.3 (Hornafallaójöfnur)	
10	19. – 21. Október	Stæ4: 3.4 (Eiginleikar falla)	Hausthlé 22. og 23. október
11	26. – 30. Október	Stæ4: 3.4 og 3.5 (eintækni og átækni)	
12	2. – 6. Nóvember	Stæ4: 3.5 (Andhverfa falls)	
13	9. – 13. Nóvember	Stæ4: 3.5 og 3.6 (Veldi)	
14	16. – 20. Nóvember	Stæ4: K3.6 og stæ5: K1.1 (Vísisföll) og K1.2 (Lograr)	
15	23. – 27. Nóvember	Stæ4: K1.3 (Vísis- og logra(ó)jöfnur)	

**Áætlun um yfirferð á vormisseri (með fyrirvara um breytingar)**

<b>Vika</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Námsefni</b>	<b>Annað</b>
1	6. – 8. Janúar	Stæ5: K1.4 (Vísisvöxtur)	
2	11. – 15. Janúar	Stæ5: K1.4 og K2.1 (markgildi)	
3	18. – 22. Janúar	Stæ5: K2.2 (Samfelld föll og markgildisreikningar)	
4	25. – 29. Janúar	Stæ5: K2.2	
5	1. – 5. Febrúar	Stæ5: K2.3 (Eiginleikar samfelldra falla)	
6	8. – 12. Febrúar	Stæ5: K2.3 og 3.1 (diffurkvóti)	
7	15. – 19. Febrúar	Stæ5: K3.1	
8	25. – 26. febrúar	Stæ5: K3.2 (Afleiða og reiknireglur um diffrun)	Vorhlé 22. og 23. febrúar, starfsdagur 24. febrúar
9	1. – 5. mars	Stæ5: K3.3 (Diffrun samsettra falla)	
10	8. – 12. mars	Stæ5: K4.1 (Óeiginleg markgildi og aðfellur)	
11	15. – 19. mars	Stæ5: K4.1	
	Páskafrí		
12	31. mars – 2. apríl	Stæ5: K4.2 (Útgildi og hallabil)	
13	5. – 9. apríl	Stæ5: K4.2	
14	12. – 16. apríl	Stæ5: K4.3 (útleiðsla varpmengis og myndmengis)	
15	19. – 23. apríl	Stæ5: K4.3 (bestun)	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 12 á hvoru misseri), reglubundnum heimadæmum (um 12 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum og munnlegum misserisprófum.

- **Námseinkunnir:**

- Lesin stærðfræði (stærðfræði I):

- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
- Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.

- Ólesin stærðfræði (stærðfræði II):

- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
- Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.

- **Jólapróf:** Tvö skrifleg próf í 90 mínútur (annað fræðilegt).

- **Vorpróf:** Munnlegt próf (fræðilegt) og skriflegt próf í 90 mínútur.

**Birt með fyrirvara um breytingar**